

Reglur um myndatökur og myndbirtingar í skóla- og tómsundastarfi Ísafjarðarbæjar

1. Tilgangur

Reglur þessar fjalla um það hvernig starfsmenn á starfsstöðvum skóla- og tómsundasviðs Ísafjarðarbæjar skulu haga myndatökum og myndbirtingum af börnum í daglegu skóla- og tómsundastarfi.

2. Markmið

Markmið með þessum reglum er að leiðbeina starfsmönnum á starfsstöðvum skóla- og tómsundasviðs og samhæfa vinnulag við myndatökur og myndbirtingar af börnum í daglegu skóla- og tómsundastarfi.

3. Skilgreiningar

1. Opið vefsvæði er í reglum þessum notað yfir vefsvæði sem eru öllum aðgengilegt.
2. Lokað vefsvæði er í reglum þessum notað yfir persónulegt vefsvæði sem er læst og aðgangsstýrt með lykilorði.
3. Opnir viðburðir, er í reglum þessum notað yfir viðburði í almannarými eða þar sem búast má við að teknar séu ljósmyndir yfir hópi fólks, s.s. hátíðir, íþróttaviðburðir, opinberar skemmtanir, kynningar, fundir eða ráðstefnur.
4. Hópamyndir, er í reglum þessum notað yfir ljósmyndir af tilteknum aðstæðum þar sem einn eða fáir einstaklingar eru ekki miðpunktur myndarinnar.

4. Gildissvið

Reglur þessar skulu gilda við hvers kyns myndatökur og myndbirtingar af börnum í tengslum við dagleg störf leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og annarra starfsstöðva skóla- og tómsundasviðs Ísafjarðarbæjar sem koma að starfi með börnum. Til að taka af öll tvímæli gilda reglur þessar jafnt um myndatökur og myndbandsupptökur.¹

5. Vinnsla persónuupplýsinga

Á starfsstöðvum skóla- og tómsundasviðs Ísafjarðarbæjar njóta börn lögum samkvæmt friðhelgi einkalífs.

Í lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (*hér eftir persónuverndarlög*) eru persónuupplýsingar skilgreindar sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.

¹ Þegar vísað er í eða fjallað um myndatökur í þessum reglum tekur það bæði til töku ljósmynda og myndbanda.

Af skilgreiningunni leiðir að ljósmyndir og myndbönd geta fallið hér undir ef hægt er að bera kennsl á þann er birtist í myndefni og segja má að myndefnið beri með sér upplýsingar um hann. Taka ljósmynda eða myndbanda og notkun, miðlun og birting myndefnis getur því talist vinnsla persónuupplýsinga sem fellur undir efnislegt gildissvið persónuverndarlaga.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að byggja á einhverri af heimildum í 9. gr. persónuverndarlaga. Í flestum tilvikum byggir vinnsla persónuupplýsinga starfsstöðva skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar í tengslum við myndatökur og birtingu myndefnis á upplýstu samþykki skráðs einstaklings, sbr. 1. tl. 9. gr. laganna. Þó kunna að vera tilvik þar sem notkun myndefnis byggir á öðrum heimildum. Þannig byggir notkun myndefnis í tengslum við fræðslu- og verkefnavinnu nemenda á nauðsyn til að fullnægja lagaskyldu, sbr. 3. tl. 9. gr. laganna, og notkun myndefnis til að tryggja forvarnir vegna ofnæmis barna og rétt viðbrögð starfsmanna í þeim efnum á brýnum hagsmunum einstaklings, sbr. 4. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Það er ófrávíkjanlegt skilyrði vinnslu persónuupplýsinga að þær skulu unnar með lögmatum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti og ekki ufram það sem nauðsynlegt er. Þá skal öll meðferð þeirra vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga og grunnkröfur 8. gr. persónuverndarlaga.

6. Samþykki forsjáraðila fyrir myndatökum og myndbirtingum

Börn má ekki mynda í leik eða starfi án samþykkis forsjáraðila þeirra. Sama máli gegnir um birtingar myndefnis.

Afla þarf samþykkis forsjáraðila fyrir myndatöku af barni og birtingu myndefnis af því. Ekki er heimilt að nota slíkt myndefni í öðrum tilgangi en samþykki nær til. Samþykkis skal aflað með undirritun forsjáraðila á þar til gert samþykkiseyðublað þar sem forsjáraðilum gefst færi á að taka raunverulega afstöðu til aðgreindra vinnsluáðgerða tengdar myndatökum og myndbirtingum.²

7. Ábyrgð stjórnenda og samþykki forsjáraðila

Börn má ekki mynda í leik eða starfi án leyfis stjórnanda starfsstöðvar eða umsjónarmanna þeirra. Sama máli gegnir um birtingar myndefnis.

Stjórnendur í skóla- og tómstundastarfi bera ábyrgð á myndatökum og myndbirtingum á starfsstað sínum, upplýsingum um þær til forsjáraðila og að ekki séu teknar né birtar myndir af börnum í andstöðu við vilja þeirra eða forsjáraðila þeirra.

Stjórnendur skulu virða vilja forsjáraðila og barna óski þau eftir að ekki verði teknar myndir af þeim eða birtar.

Ef til stendur að birta myndir af börnum í skóla- og tómstundastarfi í útgefnu efni skal upplýsa forsjáraðila um það og veita þeim færi á að andmæla. Þetta á sérstaklega við ef birta á mynd af einu barni eða tveimur sem auðþekkjjanleg eru á myndinni.

8. Meginreglur við myndatökur og myndbirtingar

Gæta skal varúðar og nærgætni við allar myndatökur og myndbirtingar af börnum og ungmennum í skóla- og tómstundastarfi og að farið sé hvívetna að persónuverndarlögum og upplýsingalögum nr. 140/2012.

² [Linkur á samþykkiseyðublað.](#)

Um allar myndatökur og myndbirtingar, hvort sem er á opnu eða lokuðu vefsvæði, gildir sú grundvallarregla að börn og ungmenni skulu aldrei sýnd á ögrandi, niðrandi eða óviðeigandi hátt, t.d. þannig að þau séu nakin eða klæðalítil, vansæl eða í erfiðum aðstæðum.

Við allar myndatökur og myndbirtingar skal virða sjálfsákvörðunarrétt barna og ungmenna. Í því felst að taka tillit til réttmætt tillit til viðhorfs þeirra í samræmi við aldur og þroska, s.s. með því að afla munnlegs samþykkis þeirra fyrir myndatöku hverju sinni.

Öll myndataka af börnum í daglegu skóla- og tómstundastarfi skal fara fram með tæki í eigu viðkomandi starfsstöðvar skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar. Starfsmönnum er með öllu óheimilt að taka ljósmyndir og/eða myndbönd af börnum á tæki í einkaeigu sinni.

Í myndbirtingum skal þess gætt að jafnræði sé á milli kynja og hlutfall stúlkna og drengja á myndum eins jafnt og kostur er.

Ef börn taka þátt í opnum viðburðum í skóla- og tómstundastarfi skal gæta nærgætni og siðgæðis við allar myndatökur og myndbirtingar af þeim.

9. Heimilar myndbirtingar

Þegar hugað er að myndbirtingum þarf að gera greinarmun á opnum vefsvæðum og lokuðum vefsvæðum. Þá þarf jafnframt að gera greinarmun á því hvort um er að ræða mynd af hópi, eða af tilteknum og jafnvel nafngreindum einstaklingi. Alla jafna mega myndir sem teknar eru af hópum og á opnum viðburðum vera á opnum vefsvæðum á meðan myndir af einstökum og jafnvel nafngreindum börnum eiga betur heima á lokuðum vefsvæðum.

Myndefni af einstökum nemendum skal aldrei birt á opnum vefsvæðum. Á opnum vefsvæðum skal því einungis birta hópamyndir af börnum og ungmönnum og þannig leitast við að þær endurspegli margbreytileikann í barnahópnum.

Óheimilt er að birta ljósmyndir eða myndbönd af börnum í leik og starfi á Facebook eða öðrum sambærilegum samfélagsmiðlum.³ Þó verður almennt ekki gerð athugasemd við að á samfélagsmiðlum sé birt myndefni af opnum viðburðum á vegum starfsstöðva sem ekki sýna neinar aðstæður viðkvæms eðlis eða einstök börn sem miðpunkt myndefnisins.

10. Varðveisla myndefnis

Allar ljósmyndir og myndbandsupptökur starfsstöðva skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar skulu varðveittar á aðgangsstýrðum drifum og aðgangur að þeim takmarkaður við starfsmenn sem þurfa aðgang vegna starfa sinna. Við 30 ára aldur skal allt myndefni afhent Héraðsskjalasafni Ísafjarðar í samræmi við 15. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, eða eftir nánara samkomulagi við forstöðumann héraðsskjalasafns.

11. Árleg tiltekt í myndasöfnum á heimasíðum

Í upphafi hvers skólaárs skulu stjórnendur starfsstöðva skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar sjá til þess að myndasöfn á heimasíðum sinna starfsstöðva séu núllstillt,

³ Tilmæli Persónuverndar vegna notkunar samfélagsmiðla í skóla- og frístundastarfi dags. 6. september 2018.

s.s. með því að fjarlægja myndefni frá síðastliðnu skólaári. Mælt er til þess að forsjáraðilum sé tilkynnt um fyrirhugaðar aðgerðir með góðum fyrirvara.

12. Kynning og birting reglna

Starfsmönnum á starfsstöðvum skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar skulu kynntar þessar reglur.

13. Afleiðingar brota

Brot gegn þessum reglum geta eins og önnur brot í starfi varðað áminningu eða brottvikningu úr starfi ef um endurtekin eða alvarleg brot er að ræða. Fylgja skal málsmeðferðarreglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

14. Gildistaka o.fl.

Yfirfara skal reglur þessar eftir því sem þörf krefur, þó ekki sjaldnar en árlega.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi fræðslunefndar/bæjarráðs/bæjarstjórnar dags. **XX.XX.XXXX.**